

Es þak glaðaspraða?
Um uppbyggingu íslensks skordýramáls,
tilbúin tungumál og bullmál.

1. Inngangur

Íaldanna rás hefur mannfólk oft og tíðum leitað út fyrir ramma tungumála og búið til ný tungumál, hvort sem það er til að auðvelda alþjóðleg samskipti, að leita uppruna mannlegs máls eða einfaldlega sér til skemmtunar. Dæmi um svokölluð „gervimál“ má finna allt aftur til 7. aldar en hugmyndir manna um uppruna tungumála og uppbyggingu þeirra eru líklega jafngamlar mannkyninu sjálfu. Hver sem tilgangur gervimálsins er, þá er ljóst að að baki liggur gríðarleg þekking málhafa á tungumálinu sjálfu og hvaða eiginleika tungumál geta haft – og geta ekki haft til þess að þau virki sem alvöru tungumál. Þessi gríðarlega þekking kemur ekki síst í ljós þegar gervimál er þýtt til þess að nýr hópur málhafa geti auðveldlega skilið það en það er einmitt meginviðfangsefni þessarar greinar.

Hér verður gerð grein fyrir helstu tegundum gervimála og hugmyndafræðinni sem liggur að baki þeim, bæði í alþjóðlegu og íslensku samhengi. Fjallað verður um muninn á tilbúnu tungumáli og bullmáli og þær áskoranir sem þýðendur mæta þegar þeir aðlaga gervimálið að nýjum lesendahópi. Reynt verður að svara spurningunni: Hvað þurfa málhafar að vita um eigið tungumál til að skilja nýtt tungumál? Svarsins verður leitað með því að greina uppbyggingu íslensks skordýramáls í barnabókinni *Kva es þak?* í þýðingu

Sverris Norlands og með því að bera það saman við upprunalega skordýramálið eins og það birtist í bókinni *Du iz tak?* eftir kanadíska myndskreytinn og rithöfundinn Carson Ellis.

Efni greinarinnar er skipað niður með eftirfarandi hætti: Í öðrum kafla verður fjallað um helstu gerðir gervimála og þær ólíku aðstæður sem þau eru sköpuð fyrir. Fjallað verður um muninn á tilbúnu tungumáli og bullmáli og hvaða skilyrði gervimál verða að uppfylla til að teljast vera tungumál. Í þriðja kafla verður stuttlega gerð grein fyrir gervimálum í íslenskri þýðingu og þeim áskorunum sem fylgja slíkum þýðingum. Í fjórða kafla verður gerð ítarleg greining á íslenska skordýramálinu í bókinni *Kva es þak?* í þýðingu Sverris Norlands. Í fimmta kafla verða fáein lokaorð.¹

2. Alþjóðamál, álfamál, bull og vitleysa

Í inngangi var talað um gervimál og ólíkar gerðir þeirra. Ekki eru allir á einu máli um hvernig best sé að skilgreina gervimál, eins og kemur kannski helst fram í umræðum um planmál sem verður fjallað lítillega um í þessum kafla. Í þessari grein er hugtakið gervimál notað sem regnhlífarhugtak yfir allar gerðir tilbúinna tungumála (e. *constructed language*), einnig svokölluð „bullmál“ (e. *nonsense language*). Þetta er gert til að einfalda umfjöllunina þótt aðgreina megi tilbúin tungumál annars vegar og bullmál hins vegar.

2.1 Tilbúin tungumál

Til eru heimildir allt frá 7. öld um hugmyndir fólks og tilraunir til að semja ný tungumál. Elsta þekkta tilbúna tungumálið, sem til eru ríkulegar heimildir um, er bálýbelen en það var samið í trúarlegum tilgangi í Tyrkjaveldi á 16. öld (Sanders 2020). Málið er ritað með arabísku lettri og málfræðileg uppbygging að miklu leyti fengin úr arabísku, persnesku og tyrknesku. Til eru eldri dæmi um tilraunir til að semja tungumál og er lingua ignota oft nefnt í því sambengi sem

1 Bestu þakkir fær Sverrir Norland fyrir að veita greinarhöfundi viðtal, fyrir áhugaverðar umræður og hjálplegar upplýsingar sem komu að gagni við undirbúning þessarar greinar. Þakkir fá einnig ritstjórnar og tveir nafnlausir ritrýnar fyrir gagnlegar ábendingar.

fyrsta tilbúna tungumálið en það var samið af Hildegard frá Bingen (1098–1179) í upphafi síðasta árþúsunds. Lingua ignota er þó almennt talið líkara kóða en tilbúnu tungumáli þar sem það hefur enga sjálfstæða uppbyggingu óháð latínu sem það var samið út frá (Sanders 2020). Tilbúnum tungumálum fjölgaði talsvert í kjölfar endurreisnarrinnar, með tilkomu svokallaðra heimspekimála (Sanders 2020), en það var á 19. og 20. öld sem þau tilbúnu tungumál sem eru þekktust og enn í einhverri notkun urðu til.

Meðal þessara gerivmála eru t.a.m. svokölluð planmál eða alþjóðleg hjálparmál. Það þekktasta þeirra er líklega esperantó, mál sem Lejzer Zamenhof samdi í byrjun 20. aldar og önnur sambærileg mál sem komu fram á svipuðum tíma, eins og solresol, volapük, ido og interlingua (sjá Baldur Ragnarsson 2000 og ítarlega úttekt hans á planmálum). Þessi mál eru kölluð alþjóðleg hjálparmál (e. *auxiliary language*) vegna þess að tilgangurinn með þeim er að skapa málfræðilega einföld og aðgengileg tungumál sem flestir geta tileinkað sér til að auðvelda samskipti þjóðanna.² Þórbergur Þórðarson notaði fyrstur orðið planmál til að lýsa þessum málum en hann hélt því fram að þau væru í rauninni ekki tilbúin tungumál þar sem þau eru fæst samin frá grunni, heldur sett saman úr ýmsum „frumpörtum þjóðtungnanna“, þ.e.a.s. einingum og málfræðireglum sem þegar eru til í náttúrumálum, en með því hugtaki er átt við raunveruleg tungumál (Þórbergur Þórðarson 1933: 64). Þórbergur hefur væntanlega aðeins verið að hugsa um svokölluð a posteriori-mál, tilbúin tungumál sem líkja að mestu leyti eftir málkerfi náttúrumála og hafa orðaförða sem er einnig valinn úr þeim. Þessi mál eru ólík svokölluðum a priori-málum sem eru samin frá grunni (Baldur Ragnarsson 2000). Gervimálum er alla jafna skipt í þessa tvo grundvallarflokka en að vissu leyti mætti segja að öll tilbúin tungumál fái eiginleika að láni frá náttúrumálunum enda er ekki hlaupið að því að semja málfræðilega formgerð sem ekki er til í mannlegu máli, eins og rætt verður síðar í þessum kafla.

Tuttugasta öldin var ekki aðeins tími alþjóðlegra hjálparmála, heldur varð einnig mikil gróska í tilbúnum tungumálum hliðarveruleikans, bókmenntunum. Þau þekktustu eru líklega álfamál Tolkiens,

2 Planmálin hafa reyndar oft sætt gagnrýni fyrir að vera hvorki einföld né alþjóðleg heldur flókin og evrópsk en það er önnur saga!

sem verður vikið að síðar í þessum kafla, en einnig nýmál sem George Orwell samdi fyrir skáldsöguna *1984* (2021) og nadsat sem andhetjan talar í skáldverkinu *A Clockwork Orange* eftir Anthony Burgess (2011). Barnabókahöfundurinn Roald Dahl þótti einnig einstaklega skapandi á þessu sviði en hann samdi nýyrði og bullorð sem hann notaði í verkum sínum. Svona mætti lengi telja en víkjum nú að málgerð tilbúinna tungumála.

2.2. Málgerðir tilbúinna tungumála

Það sem einkennir tilbúin tungumál er að þau hafa einhvers konar málkerfi, líkt og náttúruleg tungumál. Þau eru byggð upp með einhvers konar setningagerð, málfræðireglum og orðaforða, formgerð sem er tengd við merkingu, sem aðrir málhafar eiga að geta tileinkað sér og notað. Sá sem semur tungumálið velur málgerð þess og þær málfræðilegu formgerðir sem það á að hafa og eru þetta yfirleitt málgerðir og formgerðir sem eru til eða eru a.m.k. hugsanlegar í mannlegu máli, eins og verður rætt betur síðar í þessum kafla. Bâleybelen er t.a.m. einingamál eða viðskeytamál (e. *agglutinative*) sem kemur kannski ekki á óvart þar sem tyrkneska hefur sömu málgerð. Alþjóðlegu hjálparmálin hafa einnig oft einkenni einingamála, og jafnvel rótamála eða stakhlutamála (e. *isolating languages*), enda hefur eitt helsta markmiðið á bak við þau alltaf verið að málin séu beygingarlega einföld til þess að sem flestir málhafar geti tileinkað sér þau auðveldlega.³ Höfundar þessara tungumála hafa því forðast málgerðir sem þeir hafa talið flóknari, eins og samrunamál eða beygingamál (e. *fusional languages*), þ.e.a.s. mál eins og t.d. grísku, latínu, íslensku, pólsku og rússnesku, sem einkennast af aðskeytum og beygingarendingum þar sem ein beygingarending getur táknað margar ólíkar málfræðilegar formdeildir, ólíkt einingamálum eins og finnsku og tyrknesku, þar sem ein beygingarending táknar yfirleitt eina eða í mesta lagi tvær beygingarformdeildir (Baldur Ragnarsson 1999).

3 Þótt tungumálum heims sé gróflega skipt í fjóra meginflokka, þessa þrjá ofangreindu auk innlimunarmála (e. *incorporating languages*), er mikilvægt að áréttta að flest tungumál hafa einkenni fleiri en eins flokks. Auk þess má nefna að þótt einingamál hafi ákveðið beygingarlegt gagnsæi fram yfir samrunamál, þá má deila um hvort þau séu nokkuð einfaldari eða hvort það sé auðveldara að læra þau!

Það að hafa málið sem einfaldast svo flestir geti tileinkað sér það er skiljanlegt markmið hjá höfundum planmálanna, sem vilja hafa áhrif á mannlegt samfélag með því að bæta alþjóðasamskipti, en það er auðvitað ekki markmið allra. John R. R. Tolkien samdi fjölmörg tungumál fyrir hina ólíku þjóðflokka sem byggja skáldsagnaheiminn Miðgarð en þau mál sem hann þróaði mest voru álfamálin quenya sem er einingamál, og sindarin sem svipar meira til samrunamála. Höfundurinn sótti innblástur í þau mannlegu mál sem heilluðu hann mest, þ.m.t. velsku, fornensku og finnsku.

Markmið Tolkiens var því fyrst og fremst fagurfræðilegt og tengt áhuga höfundarins á tungumálum en ekki alþjóðasamskiptum. Þetta markmið eiga fleiri höfundar sameiginlegt sem hafa samið tungumál fyrir bókmenntaverk eða fyrir kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Sem dæmi má nefna að fyrir hina vinsælu sjónvarpsþætti um Krúnuleikana (e. *Game of Thrones*) var tungumálhöfundurinn David J. Peterson fenginn til að þróa tungumál fyrir þjóðflokka Vesturáss, þ.m.t. valyrísku málin sem eru innblásin af latínu og grísku og hirðingjamálið dothraki en uppbyggingu þess sótti höfundurinn í rússnesku og mongólsku (Faber 2022).

Það er því ljóst að einfaldleiki er ekki alltaf meginmarkmið tungumálhöfunda en fyrir suma er það andstæðan sem heillar. Tungumálið klingon var samið fyrir samnefndan geimverukynþátt í Star Trek heiminum. Höfundurinn lýsti málinu í frumriti um það árið 1985 (Okrand 1992) en hann lagði sig fram við að velja sjaldgæfa málgerðareiginleika fyrir tungumálið til að gera það sérstaklega flókið og erfitt að læra, enda átti málið að vera geimverumál og eins fjarlægt mannlegu máli og hann gat hugsað sér. Sem dæmi má nefna að grundvallarorðaröð í klingon er ASF (andlag – sögn – frumlag) en það er afar sjaldgæf grundvallarorðaröð í tungumálum heims, þótt hún sé vissulega möguleg (Dryer 2013). Í þessu samhengi má einnig nefna loglan, sem var samið til að kanna þolmörk formgerðar í náttúrumálum en það mál átti að vera eins ólíkt þeim og hægt er (Adams 2011: 11).

Þótt tilbúið tungumál sé gert eins flókið og hægt er, og formgerðirnar sem koma fyrir í því séu eins sjaldgæfar og mögulegt er, þá er nánast ómögulegt að semja tungumál sem hefur formgerðir sem fyrirfinnast ekki í náttúrumálum. Það eru alls konar hömlur á því

hvernig mannlegt mál getur verið og hvernig málfræðireglur tungumál getur haft – og getur ekki haft. T.a.m. hefur ekkert náttúrumál setningafræðireglur sem segja til um orðafjölda (t.d. setning verður að innihalda a.m.k. þrjú orð) eða skilyrði um hljóðfræðilega uppbyggingu orða í setningunni (t.d. annað orðið í setningunni verður að innihalda lokhljóð) og ekkert náttúrumál hefur beygingarformdeildir eins og *litur* (þá væri t.d. sérstök beygingarending sem táknar að viðkomandi hlutur sé rauður eða blár) eða *lykt* (þá gæti t.d. sérstök beygingarending táknað að viðkomandi hlutur lykti eins og kanill) (Jóhannes Gísli Jónsson 2013). Þótt ASF-orðaröð sé afar sjaldgæf í tungumálum heims, þá eigum við samt erfitt með að ímynda okkur tungumál sem ekki hefur einhvers konar frumlag, sögn og andlag, sama í hvaða röð þau birtast. Tungumál heimsins eru mörg og fjölbreytileg en þau falla samt öll innan ramma þess sem er mögulegt í mannlegu máli og ímyndunarafl okkar nær ekki langt út fyrir þann ramma. Á þessum grundvelli má færa rök fyrir því að öll tilbúin tungumál séu að vissu leyti a posteriori-mál.

2.3. Tungumálarófið

Michael Adams (2011: 1–16) talar um tvenns konar róf sem gervimál eru staðsett á: sköpunarrófið (e. *the spectrum of invention*) og markmiðsrófið (e. *the spectrum of motives*). Sköpunarrófið felur í sér þá eiginleika sem gervimálið hefur eða hversu mikil sköpun er á bak við það. Á öðrum enda rófsins eru lítil sköpunarverk sem við notum til að skreyta mál okkar dags daglega, eins og slangur, nýyrði, stílblöggð og alls konar taktar og stælar. Á hinum enda rófsins eru heil tungumál eins og quena og klingon sem eru sköpuð frá grunni, úthugsuð og gríðarleg vinna hefur farið í að útfæra. Markmiðsrófið lýtur svo að tungumálahöfundinum: Til hvers samdi hann tungumálið? Adams talar um að grundvallarmarkmið allra sem semja ný tungumál sé „neikvætt markmið“, þ.e.a.s. þeir eru óánægðir með náttúrumálin eða finnst þau ekki nógu góð fyrir það hlutverk sem þeir ætla gervimálinu. Á rófinu eru þó líka ýmiss konar jákvæð markmið. Til dæmis gæti markmiðið verið að kanna mörk þess hvers konar formgerðir eru mögulegar í tungumálum, sbr. loglan, eða að semja einfalt tungumál sem auðveldar alþjóðasamskipti, sbr. esperantó, en mark-

miðid getur einnig verið fagurfræðilegt, sem var tvímælalaust markmið Tolkiens. Í þessu samhengi má einnig nefna svokölluð „lítill gervimál“ (e. *miniature artificial languages*) sem málfræðingar hafa búið til fyrir tilraunir á máltöku barna. Markmið þeirra er fyrst og fremst vísindalegt, þ.e.a.s. þeim er ætlað að varpa ljósi á það hvernig börn tileinka sér tungumál (sjá t.d. Fedzechkina, Newport og Jaeger 2016 og heimildir sem þau vísa í).

Við þessa greiningu Adams má bæta væntingum tungumálhöfunda um hvað aðrir málhafar eigi að gera við gervimálið. Þetta mætti kalla „notkunarrófið“ (e. *spectrum of use*). Höfundar planmálanna vænta þess t.d. að aðrir málhafar læri þau og noti til eiginlegra samskipta en ekki öll gervimál eru samin með það markmið. Sumir höfundar semja tungumál, t.a.m. fyrir skáldskap eða sjónvarpsefni, án þess að það hvarfli að þeim að einhver vilji brjóta málið niður í afmarkaðar einingar og tileinka sér það. Nadsat var ekki samið til að auðvelda alþjóðasamskipti og höfunda klingon óraði sjálfsagt ekki fyrir því að árlega yrðu haldnar ráðstefnur þar sem fólk kemur saman hvaðanæva að úr heiminum til að tala um klingon – á klingon. Þegar Carson Ellis samdi tungumál fyrir krúttlegu skordýrabókina sína átti hún sjálfsagt ekki von á að einhver myndi reyna að tileinka sér málið, hvað þá að um það yrðu ritaðar fræðigreinar. En hér erum við nú samt.

Tilbúin tungumál eru hönnuð til þess að fólk geti lært þau og notað til samskipta, hvort sem það er eingöngu til yndisauka eða til að skapa umgjörð um tilbúinn veruleika, eins og í skáldskaparheimum, eða til að einfalda alþjóðasamskipti, eins og planmálin eiga að gera. Þótt málin séu misjafnlega flókin verða þau að uppfylla kröfuna um afmörkun (e. *discreteness*) og sköpunarmátt tungumálsins, þ.e.a.s. í tungumálinu verða að vera merkingarlausar einingar sem hægt er að raða saman til að mynda merkingarbærar einingar. T.d. er orðið *lás* í íslensku sett saman úr merkingarlausu einingunum *l*, *á* og *s* en það er líka hægt að raða þessum málhljóðum upp á nýtt og mynda orðin *sál* og *áls*. Sköpunarmáttur mannlegra mála nær svo auðvitað til stærri eininga, t.d. er hægt að setja saman orð og búa til úr þeim ný orð, og hann endurspeglast einnig í því að málnotendur geta notað þær setningafræðireglur sem gilda í viðkomandi máli til að mynda og skilja nýjar setningar sem þeir hafa aldrei sagt eða heyrt

áður. Þetta er einn af grundvallareiginleikum mannlegs máls sem málkunnáttufræði Chomskys leggur mikla áherslu á (Chomsky 1957). Tilbúin tungumál eru auðvitað takmarkaðri en náttúruleg mál að þessu leyti enda eru þetta ekki mál sem hafa þróast í málsamfélagi og þau hafa miklu rýrari orðaforða og minni fjölbreytileika í málfræðireglum en náttúruleg mál. Engu að síður verða málin að vera þannig hönnuð að aðrir málhafar en höfundurinn geti ráðið í gögnin sem til eru, brotið þau niður í smærri einingar og notað þær til að mynda ný orð og setningar (sjá Adger 2019 um sköpunarmátt tilbúinna tungumála). Þessi krafa á hins vegar ekki við um svokölluð bullmál.

2.4. Bullmál

Bullmál eru ólík tilbúnum tungumálum að því leyti að þau eru ekki byggð á raunverulegum málum, eins og t.d. latínu eða tyrknesku, sbr. umfjöllunina í kafla 2.1, og sum þeirra fylgja ekki þeim reglum sem gilda um eðli mannlegs máls. Þau eru yfirleitt hönnuð þannig að þeim svipar til eiginlegs tungumáls (tungumáls þeirra málhafa sem eiga að lesa eða heyra bullmálið) hvað varðar hljóðfræðilega uppbyggingu, orðflokka, setningagerð og rithátt en einingar þeirra, fyrir utan svokölluð kerfisorð (e. *function words*), hafa hins vegar enga þekktu merkingu, sem gerir málhöfum erfitt fyrir að tileinka sér orðaforða. Bullmál eru yfirleitt ekki ætluð til samskipta, heldur eru þau eingöngu samin til skemmtunar. Eitt frægasta bullmál sögunnar var samið af Lewis Carroll á seinni hluta 19. aldar fyrir ljóðið Jabberwocky sem birtist upprunalega í skáldverkinu *Through the Looking Glass* (2010). Í dæmi (1) sjáum við fyrstu tvær línurnar úr Jabberwocky:

- (1) 'Twas brillig, and the slithy toves
Did gyre and gimble in the wabe.

Þetta ljóð hefur ákveðið skemmtanagildi þrátt fyrir að það skorti augljósa merkingu, enda virðast orðin geta átt heima í enskri tungu. Þau eru uppbyggð samkvæmt enskum orðmyndunarreglum og hljóðfræðireglum (rithátturinn gefur það a.m.k. til kynna) og setningarnar fylgja einnig reglum um enska setningagerð. Kerfisorðin

(forsetningar, samtengingar o.s.frv.) eru fengin að láni úr ensku, sem gerir ljóðið einfaldara aflestrar, en inntaksorðin eru tilbúin eða bull. Líklega er það einmitt ástæðan fyrir því að enskir málhafar gætu haft gaman af ljóðinu, því ef formgerðin er sett úr skorðum kárnar gamanið, eins og sést í dæmi (2).

- (2) *Toves slithy the and brillig 'twas
gimble wabe in gyre and did the.

Jabberwocky er oft notað sem dæmi um að hægt sé að lýsa formgerð tungumála óháð merkingu þeirra en það að formgerðin sé kunnugleg er einmitt það sem gerir ljóðið aðgengilegt. Lesandinn fær reyndar skýringu á sumum inntaksorðunum ef hann les lengra í bókinni en það á ekki alltaf við.

Sum bullmál er ómögulegt að greina niður í einingar, eins og t.d. mál Magga mörgæsar (e. *Pingu*) og Línunnar (ít. *La Linea*), sem verður fjallað um í 3. kafla. Auk þess eru ekki öll bullmál hönnuð þannig að þau fylgi formgerðarreglum einhvers náttúrulegs máls (eins og Jabberwocky fylgir ensku) og sum hafa ekki mikla formgerð yfirhöfuð. Þetta á t.a.m. við um mál Skósveinanna (e. *Minions*) í kvikmyndaröðinni *Aulinn ég* (e. *Despicable Me*). Höfundur skósveinamálsins, Pierre Coffin, lýsir málinu þannig að það feli aðallega í sér hljóð og hrynjandi en ekki eiginlega formgerð og merkingu (McGrath 2015). Málið virðist fyrst og fremst samanstanda af upphrópunum og stökum orðum sem eru tekin beint úr ýmsum tungumálum heims, þ.m.t. arabísku, ítölsku og kóresku (3a, b, c) og auk þess má finna í því afbakadár myndir af enskum orðum sem samsvara þeim í merkingu (3d):

- (3) a. *Bi-do*: „fyrirgefðu“
b. *Gelato*: „ís“
c. *Hana, dul, sae*: „einn, tveir, þrír“
d. *Poopye*: „bless“ (sbr. e. *goodbye*)

Þótt vissulega megi tengja einingar skósveinamáls við merkingu, enda eru þær í flestum tilvikum fengnar úr náttúrulegum tungumálum, þá vantar algjörlega formgerð og málfræðireglur sem þýðir að málið uppfyllir ekki kröfur um afmörkun og sköpunarmátt mannlegs máls,

en þetta er aðalatriðið sem greinir bullmál frá tilbúnum tungumálum.

Mörkin eru þó ekki alltaf skýr og ekki er endilega augljóst hvenær bullmál verður að tilbúnu tungumáli. Jabberwocky er ágætis dæmi um þetta enda er það bullmál sem lýtur málfræðireglum enskrar tungu og nýtir kerfisorð enskunnar. Ef til væri gagnasafn með ítarlegum orðaforða fyrir jabberwocky-mál, væri þannig séð ekkert því til fyrirstöðu að kalla það tilbúið tungumál. Í þessu samhengi má einnig líta til strumpamáls, sem hefur verið þýtt á fjölmörg tungumál, þ.m.t. á íslensku. Íslenskt strumpamál fylgir að mestu leyti íslenskum málfræðireglum en rót inntaksorða er skipt út fyrir svokallaða „strumprót“ (Einar Freyr Sigurðsson og Iris Edda Nowenstein 2023). Þetta sést ágætlega á dæmunum í (4) sem eru fengin frá Höskuldi Þráinssyni (1980: 55).

- (4) a. Strumpanir strumpuðu strumpuna í strympnu strumpi.
b. Ég er strympnari og strumpulegri en margir strumpar.

Við fyrstu sýn gæti virst svo að strumprótin birtist handahófskennt í máli Strumpanna og að hún sé merkingarlaus en þegar betur er að gáð kemur í ljós að íslenskt strumpamál hefur aðeins flóknari málfræðireglur og gerir eigin kröfur út fyrir ramma íslenskunnar (sjá umfjöllun Einars Freys Sigurðssonar og Irisar Eddu Nowenstein 2023). Það mætti kannski gera grófan greinarmun á málum eins og strumpamáli og bullmálinu í Jabberwocky annars vegar og svo bullmáli Magga mörgæsar og Línunnar hins vegar. Þau fyrrnefndu væri hægt að kalla blendingbullmál, þar sem þau eru byggð á náttúrulegu grunnmáli, eins og t.d. íslensku eða ensku, og fá lánaða uppbyggingu þess og formgerð. Hin síðarnefndu mætti kalla hrein bullmál þar sem þau hafa enga formgerð og ekki er hægt að brjóta þau niður í smærri einingar, hvað þá raða einungum þeirra saman upp á nýtt. Ef til vill væri betra að stilla þessum tveimur málaflokkum upp sem sitthvorum endanum á bullmálarófi þar sem t.d. skósveinamál er staðsett einhvers staðar þarna á milli. Það sem öll bullmál eiga þó sameiginlegt er að merkinguna er nánast eingöngu hægt að ráða af samhengi.

Að lokum má nefna að bull er ekki eingöngu samið okkur til yndisauka, heldur hefur það ýmsa gagnlega eiginleika. Eins og sagði hér að ofan sýna bullorð að hægt er að lýsa formgerð mála án beinnar tengingar við merkingu þeirra en bullorðapróf eru líka viðurkennd aðferð í málvísindum til að kanna virkni beygingarreglna, m.a. í máli barna (Berko 1958). Blendingbullmál eins og við sjáum í Jabberwocky og strumpamáli geta því sagt okkur ýmislegt um myndun málfræðireglna í grunnmálinu. Hvort sem gervimál eru búin til í vísindalegum tilgangi, málhöfum til skemmtunar eða til að sameina þjóðir heimsins, er ljóst að þau verða að lúta þeim reglum sem gilda um mannleg tungumál til þess að þau séu gagnleg. Þetta kemur ekki síst í ljós þegar kemur að því að þýða bullmál yfir á annað bullmál en það er einmitt viðfangsefni næsta kafla.

3. Að þýða bull yfir á annað bull

Í kafla 2.4 var talað um Jabberwocky eftir Lewis Carrol, eitt frægasta bullljóð allra tíma, og hvað það segir okkur bæði um bullmál og náttúruleg mál. Í dæmi (5) sjáum við íslenska þýðingu Valdimars Briem (Carroll 2013) á fyrstu tveimur línnum ljóðsins sem hann kallaði *Rausuvokkskviðu*.

- (5) Það leið að stekju, og slýgir gredlar
sig snældu og böluðu um slöffruna.

Hér hefur þýðandanum tekist að semja mjög sambærilegt ljóð við hið upprunalega ljóð Carrolls, sbr. (1). Inntaksorðin hafa hljóðfræðilega uppbyggingu íslensks máls og gætu því verið íslensk inntaksorð, beygingar og setningagerð er sömuleiðis íslensk (a.m.k. er þetta orðaröð sem tíðkast í íslenskri ljóðagerð), auk þess sem kerfisorðin eru íslensk. Í þessu tilviki hafði þýðandinn auðvitað aðgang að eiginlegri merkingu bullorðanna og gat þess vegna auðveldlega fangað stemninguna í ljóðinu. En er alltaf nauðsynlegt að þýða bullmál? eru þau ekki alþjóðleg að einhverju leyti, fyrst enginn hefur þau að móðurmáli?

3.1. Að þýða upphátt eða í hljóði

Sum bullmál er óþarfi að þýða, eins og verður vikið að í þessum undirkafla. Hvort það er nauðsynlegt að þýða málið eða ekki veltur fyrst og fremst á markmiði tungumálahöfundarins:

- Eiga lesendur að geta ráðið í málið og skilið það?
- Ef svarið við fyrstu spurningunni er jákvætt, hvað er það þá sem gerir málið aðgengilegt fyrir lesendur? Hvað þarf þýðandinn að gera til að tryggja aðgengi lesenda?
- Hvað þurfa málhafar að vita um sitt eigið tungumál til þess að geta ráðið í bullmál?

Eins og þegar hefur verið rætt og verður aftur vikið að síðar, þá skiptir formgerð gervimálsins miklu máli. Það sem er ekki síður mikilvægt er hvernig málinu er miðlað til lesandans. Það getur t.d. haft áhrif hvort málið birtist í bók sem er ætluð til að lesa upphátt eða til að lesa í hljóði. Ef gervimálið birtist í myndasögubók, sem er líklegra að lesendur lesi sjálfir í hljóði, þá er ekki svo mikilvægt að hljóðkerfisleg uppbygging málsins sé einföld og aðgengileg fyrir lesandann (sjá Morillas 2022 og heimildir sem hún vísar í). Þetta skiptir hins vegar höfuðmáli ef gervimálið birtist í bók sem er ætlað að lesa upphátt, ekki síst þegar á að lesa það upphátt fyrir börn. Gillian Lathey færir rök fyrir því að hljóðkerfisleg uppbygging sé lykilatriði í allri þýðingu bókmennta sem á að lesa upphátt og á það ekki síst við um gervimál (2016: 93–111). Málið verður að vera lipurt og þægilegt aflestrar enda er það að lesa upphátt eins konar flutningur, oft óundirbúinn ef bókin er lesin í fyrsta sinn (Oittinen 2014: 39).

Sem dæmi um þýðingu sem tekur ekki sérstakt tillit til hljóðkerfislegrar uppbyggingar eru sýldavíska og bordúríska, tungumál sem Hergé samdi fyrir myndasögubækurnar um Tinna, en þau eru til í íslenskri þýðingu Lofts Guðmundssonar. Af þessum tveimur gervimálum er sýldavíska það sem ríkulegustu gögnin eru til um og þótt Hergé hafi sjálfur aldrei gefið frá sér málfræðilýsingu á tungumálinu, hefur tungumálahöfundurinn Marc Rosenfelder (e.d.) ráðið í upprunamálið og sett saman málheild og orðabók fyrir það. Sýldavíska á að vera germanskt mál sem er talað í landinu Sýldavíu á Balkans-

skaganum. Málið hefur þó greinilega orðið fyrir áhrifum frá öðrum Evrópumálum eins og frönsku, pólsku, ungversku og rússnesku og það er ritað bæði með latnesku og kýrillísku lettri (sjá Rosenfelder, e.d.).

Í dæmi (6a) má sjá sýldavíska textabút úr bókinni *Veldissproti Ottókar konungs* (1974) og í (6b) er íslensk þýðing byggð á enskri þýðingu Rosenfelders (e.d.).

- (6) a. Pir Ottokar, dús pollsz ez könikstz, dan tronn eszt pho mâ.
Czeillâ czäidâ ön eltcâr alpû: Kzommetz pakkeho lapzâda.
Könikstz itd o alpû klöppz: Staszrvitchz erom szûbel ö.
Dâzsbíck fällta öpp o cârrö.
- b. Faðir Ottókar, þú ert falskur konungur, krúnan er fyrir mig.
Þessi sagði svo við hinn: Komdu og taktu veldissprotann. Þá
sló konungur hann, Staszrvitchz, á höfuðið. Óvinurinn féll
til jarðar.

Textabúturinn í (6a) á að vera úr fornu handriti og er látinn óþýddur í íslensku þýðingunni (Hergé 1974).⁴ Í dæmi (7a, b, c, d) eru textabútar úr sömu bók en í þessu tilviki er málhafinn sýldavískur bóndi sem sér Tinna og Tobba falla til jarðar með bilaða fallhlíf. Íslensk þýðing er aftur byggð á enskri þýðingu Rosenfelders (e.d.).

- (7) a. Zrälùkz!
„Sjáðu!“
- b. Czesztot on klebcz!
„Þetta er hundur!“
- c. Czesztot wzryzkar nietz on waghobontz!
„Þetta er áreiðanlega ekki flækingur!
Czesztot bãtczer yhzer kzömmetz noh dascz gendarmaskaia?
„Er ekki betra að hann komi með okkur á lögreglustöðina?“
- d. Kzommet micz omhz, noh dascz gendarmaskaia!
„Komdu með okkur, á lögreglustöðina!“

Eins og sést á textabúتونum í dæmum (6) og (7) er sýldavíska alls ekkert bullmál, heldur er það tilbúið tungumál með málfræðireglum

⁴ Þess má geta að heimildir um sýldavíska er einnig að finna í bókunum *Leynivopnið* (Hergé 1975) og *Eldflaugastöðin* (Hergé 1972).

og orðaforða sem hægt er að ráða í. Þessir textabútar voru þýddir í íslensku útgáfunni (Hergé 1974) yfir á „íslenska“ sýldavísku, eins og sést í dæmi (8).

- (8) a. Zrälùkz!
 „Hrüddzilög!“
- b. Czesztot on klebcz!
 „Ûji hröpzi aj tödzja!“
- c. Czesztot wzryzkar nietz on waghabontz!
 „Zeztöt üí rüzzlarsky öj flokkarzky drözzlöí.“
 Czesztot bätcer yhzer kzömmetz noh dascz gendarmaskaia?
 Bötz núj löbbzöm kjúmj üí öj aí pölitzkí zdazíönu.“
- d. Kzommet micz omhz, noh dascz gendarmaskaia!
 „Kzömmöt öj kjúmj núj aí pölitzkí zdazíönu! Rönnzötski!“

Eins og sést á dæmi (8) hefur þýðandinn vikið dálítið frá upprunalega textanum en það er kannski ekki furða enda hefur þýðandinn ekki haft aðgang að þýðingum á sýldavísku. Hann hefur því sjálfur þurft að ráða í málið út frá myndrænu samhengi og að einhverju leyti evrópskum orðaforða sem hann hefur kannski kannast við. Í (8a, b) má ímynda sér að íslenski textinn eigi að þýða „Hræðilegt!“ og „Þeir hrapa til dauða!“ sem er ekki fráleit þýðing út frá myndræna samhenginu. Það sést þó greinilega að þýðandinn hefur reynt að búa til vísi að málfræðireglum fyrir sýldavísku, t.d. er forsetningin *aí/laj* (sem þýðir líklega „til“) endurtekin í ólíkum forsetningarliðum, sbr. [aj tödzja] og [aí pölitzkí zdazíönu], *üji* og *kjúmj* virðast vera persónufornöfn sem þýða „þeir“ og „við“ og auk þess eru merki um persónubeygingu í sagnmyndunum *löbbzöm* sem er líklega 1. p. ft. beyging og *Kzömmöt* sem virðist vera boðháttarmynd.

Svona mætti lengi halda áfram að greina málfræðilega uppbyggingu sýldavísku en hér verður látið staðar numið að sinni. Það sem þýðandinn gerði ekki var að reyna að laga sýldavíska hljóðkerfið að hinu íslenska til þess að gera það gagnsætt og auðvelt aflestrar. Markmið þýðandans var greinilega að halda tryggð við hljóðfræðilega uppbyggingu upprunamálsins, eins og það endurspeglast í rithættinum, sem minnir íslenska málhafa á framandi miðevrópskt tungumál. Það á að virka útlenskt og flókið og það er í góðu lagi enda er

sýldavíska ekki samin til að vera lesin upphátt. Það á hins vegar við um bókina *Du iz tak?* eftir myndskreytinn og rithöfundinn Carson Ellis (2016) og íslenska þýðingu verksins, *Kva es þak?*, eftir Sverri Norland (Ellis 2021), sem eru viðfangsefni næsta kafla.

3.2. Mörgæsamál og skordýramál

Du iz tak? er lítil saga sem fjallar um hina óendanlegu hringrás lífsins, þar sem söguviðið er lífsferill einnar plöntu og skordýranna sem búa í kringum hana. Sagan hefst með lítilli grænni spíru og prúðbúinni meyarflugugu sem bendir á spíruna og spyr „*Du iz tak?*“ Skammt frá stendur önnur prúðbúin meyarfluguga hvumsa sem svarar „*Ma nazoot!*“. Brátt ber að fleiri skordýr sem virða spíruna fyrir sér en átta sig ekki á því hvað hún er. Spíran vex og verður að plöntu og skordýrin kynnast henni betur. Eftir því sem hún stækkar verður samband skordýranna við plöntuna nánara. Þau sækja stiga til að klifra upp í hana og byggja sér virki þar sem þau una og leika sér alla daga. Á einum tímapunkti er virkinu og skordýrunum ógnað af andstyggilegri kónguló en hún er sjálf hrifsuð burt af ránfugli og skordýrin taka gleði sína á ný. Þau kætast svo og hrópa upp yfir sig af hrifningu þegar plantan blómstrar og út springur dásamlegt blóm. Svo fer að hausta og blómið visnar. Skordýrin kveðja virkið sitt og hverfa á brott. Svo kemur vetur og plantan deyr og þá kemur vorið á ný. Sagan endar þar sem við sjáum margar litlar grænar spíru og prúðbúið skordýr sem horfir á spírunar og spyr: „*Du iz tak?*“

Eins og fyrr segir er sagan skrifuð af myndskreytinum og rithöfundinum Carson Ellis (2016). Upprunalega átti hún að vera orðalaus myndabók en þegar teikningarnar voru tilbúnar, fannst höfundinum vanta líf í bókina og ákvað þá að semja tungumál fyrir skordýrin (Jan 2017). Ellis sagðist hafa sótt áhrif til barnaþáttanna um Magga mörgæs (e. *Pingu*) en hann talar einmitt líka bullmál. Það sem heillaði höfundinn við þættina um mörgæsirnar var einmitt það að þær tala saman á tungumáli sem áhorfendur skilja ekki en það finnst höfundinum færa áhorfendur nær heimi mörgæsanna þar sem „allir og enginn skilur brandarana þeirra“. Ellis vildi skapa svipuð áhrif fyrir lesendur með skordýramálinu (Jan 2017).

Mörgæsamálið sem Maggi talar er þó talsvert ólíkt skordýramálinu sem Ellis samdi. Mörgæsamálinu er miðlað eingöngu í hljóði, þ.e.a.s. það er ekki til skrifleg útgáfa af því sem áhorfendur geta ráðið í, og það hljómar ekki eins og mannlegt mál þar sem það hefur hvorki greinanleg máhljóð né mállegar einingar eins og orð og setningar. Mörgæsamálið hljómar eins og innihaldslaust röfl, svipað því sem Línan (ít. *La Linea*) er þekkt fyrir. Áhorfendum gefst ekki kostur á því að greina hljóðrunur mörgæsamálsins niður í smærri einingar og skilja merkingu þess, hvað þá tileinka sér það, heldur verða þeir að treysta á tónfall, svipbrigði mörgæsanna, aðstæður og annað myndrænt sambengi til að fá einhverja hugmynd um hvað mörgæsirnar eru að tala um. Mörgæsamálið er því raunverulegt bullmál sem er fyrst og fremst ætlað til að skemmta áhorfendum, svipað og Jabberwocky, en skordýramálið sem Ellis samdi er talsvert flóknara en það.

Ýmislegt skilur að mörgæsamál Magga og skordýramál Ellis. Fyrst má nefna að skordýramálinu er miðlað skriflega en það þýðir að lesendur verða sjálfir að átta sig á því hvernig málið er borið fram og hvaða tónfall er viðeigandi hverju sinni. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þess að skordýramálið er ætlað til þess að lesa upphátt en ekki í hljóði, eins og hefur verið nefnt. Í öðru lagi bendir ritháttur skordýramálsins til þess að málið megi brjóta niður í mállegar einingar, í orð og setningar. Meðal setninganna má finna bæði spurningar og staðhæfingar, eins og greinamerkjasetningin bendir til, og því getur lesandinn undireins áætlað að skordýrin eigi raunveruleg samskipti þar sem einingar málsins fela í sér merkingu. Auðvitað hefði höfundurinn getað komið því til skila án þess að semja flókið tungumál. Samtal meyarflugnanna sem lýst var í byrjun þessa kafla hefði alveg eins getað verið eins og samtalið í dæmi (9) ef eini tilgangurinn væri að sýna lesandanum að skordýrin gætu talað saman.

- (9) a. „Bzz bzz bzz?“
 b. „Bzz Bzzzz.“

Lesandinn yrði þá að treysta á myndrænt sambengi til að fá einhvern botn í samtal skordýranna og þá væri skordýramálið í rauninni bullmál, alveg eins og mörgæsamál, enda engin leið fyrir lesandann að ráða í það og tengja merkingu við stakar einingar.

Markmið Ellis var hins vegar ekki aðeins að sýna lesandanum að skordýrin gætu talað saman, heldur einnig að lesandinn gæti lært að skilja mál þeirra. Þetta gerir höfundurinn listilega með því að semja orð og setja þau saman á þann hátt að enskumælandi lesandi á að geta ráðið í þau með dálítilli aðstoð, sem er auðvitað alltaf nauðsynleg þegar fólk tileinkar sér nýtt tungumál, hvort sem aðstoðin felst í orðabók, málfræðiriti eða útskýringum kennara. Höfundurinn nýtir sér myndrænar aðstæður sem hún teiknar sjálf, þ.m.t. umhverfi, líkamstjáningu skordýranna, hreina bendivísun (þar sem skordýrin benda á eitthvað og segja hvað það er) og endurtekningu orða til þess að „kenna“ lesandanum tungumál þeirra. Við lok lestrarins ætti lesandinn ekki aðeins að geta skilið samtál meyarflugnanna í (10), heldur ætti hann að hafa skilið og tileinkað sér einingar skordýramálsins nógu vel til að búa til nýja setningu á skordýramáli Ellis.

- (10) a. Du iz tak?
 hvað er þetta
 „Hvað er þetta?“
 b. Ma nazoot.
 ég veit-ekki
 „Ég veit það ekki.“

Af þessu samtali ætti lesandinn að geta dregið þá ályktun að í skordýramáli sé til spurnarorðið *du*, sem þýðir „hvað“, tengisögnin „vera“ sem hefur 3. p. et. beygingarmyndina *iz* og ábendingarfornafnið *tak*, sem þýðir „þetta“. Þar að auki er til 1. persónufornafnið *ma* í þessu máli sem getur staðið í frumlagssæti og sögnin *nazoot* „vita“ sem felur í sér neitun. Það er ekki hægt að ráða af þessum gögnum hvort neitunin er fólgin í aðskeyti, en það er ekki óhugsandi. Sköpunarmáttur skordýramálsins kemur betur í ljós þegar rýnt er í öll gögnin, eins og verður gert í næsta kafla. Af gögnunum er ljóst að skordýramálið er raunverulegt tilbúið tungumál sem hægt er að brjóta niður í smærri einingar til að skapa nýjar segðir, ólíkt bullmáli mörgæsanna. Málið flækist svo þegar skordýramál Ellis, sem var samið fyrir enskumælandi málhafa, er þýtt á önnur tungumál, eins og komið hefur í ljós.

Bókin *Du iz tak?* hefur víðsvegar hlotið athygli og lof og verið þýdd á mörg tungumál, þ.m.t. frönsku, spænsku, þýsku, hollensku,

dönsku, pólsku, kínversku og íslensku. Þýðingu bókarinnar hafa fylgt ýmsar áskoranir. Þegar bókin var fyrst þýdd yfir á frönsku tók höfundurinn eftir ósamræmi í þýðingunni sem m.a. fól í sér skort á endurtekningum. Höfundurinn notaði orðið *ribble*, sem þýðir „stigi“, tvisvar til þess að hjálpa lesendum að átta sig á merkingunni, en í frönsku þýðingunni var ekkert orð endurtekið. Þá kom í ljós að franskri þýðandinn hélt að skordýramálið væri hreint bull og hafði ekki áttað sig á því að það væri regla á galskapnum (Corbett 2017). Þýðandinn verður í raun að semja nýtt tungumál til þess að nýr lesendahópur geti skilið það og þá verðum við að velta fyrir okkur eftirfarandi spurningum:

- Hvað er það sem gerir íslenskt skordýramál aðgengilegt fyrir íslenskumælandi lesendur?
- Hvað þurfa íslenskir málhafar að vita um sitt eigið tungumál til að geta ráðið í íslenskt skordýramál?

Þessum spurningum verður svarað í næsta kafla en til þess að svara þeim munum við rýna í uppbyggingu íslensks skordýramáls, brjóta það niður í merkingarbærar einingar og láta reyna á sköpunarmátt tungumálsins í samanburði við upprunamálið.

4. *Kva es þak?*

Í þessum kafla verður fjallað um íslenskt skordýramál í þýðingu Sverris Norlands *Kva es þak?* (2021) og það greint málfræðilega. Fjallað verður um nálgun þýðandans við að semja nýtt skordýramál fyrir íslenska lesendur og í því samhengi verður gerður samanburður við upprunamálið. Við ritun þessarar greinar var stuðst við gögnin sem birtast í bókinni sjálfri, þýðingarlykil fyrir skordýramálið frá höfundinum, Carson Ellis, sem birtist hér að neðan, og viðtal sem greinarhöfundur tók við þýðandann, Sverri Norland. Í viðtalinu spurði greinarhöfundur þýðandann hver markmið hans hefðu verið þegar hann aðlagði skordýramálið fyrir íslensku og þýðandinn lýsti þeim svo:

- Að skordýramálið hljómaði eins og íslenska.
- Að skordýramálið væri nálægt íslensku málfræðilega séð.
- Að það væri auðvelt fyrir íslenska málhafa að ráða í skordýramálið.

Af þessum markmiðum er ljóst að þýðandinn hafði fyrst og fremst aðgengileika í huga þegar hann samdi íslenskt skordýramál en hugsaði ekki mikið um hversu mikinn sköpunarmátt málið hefði. Þetta gefur ástæðu til að ætla að málfræðileg uppbygging tungumálsins byggist að miklu leyti á málvitund þýðandans (e. *meta-linguistic awareness*), frekar en skipulagðri uppbyggingu málkerfis fyrir gervimálið. Skoðum nú uppbyggingu íslensks skordýramáls.

4.1. *Ig pans úf þak se plonk*

Í töflu 1 sjáum við heildaryfirlit yfir málgögnin sem við höfum um hið upprunalega skordýramál sem Carson Ellis samdi (vinstri dálkurinn), íslenskt skordýramál í þýðingu Sverris Norlands (miðjudálkurinn) og þýðingarlykil fyrir skordýramálið frá höfundinum, Carson Ellis, sem birtist hér í íslenskri þýðingu greinarhöfundar. Lítum nú á málgögnin í töflu 1.

Tafla 1 – Skordýramálheildin

Skordýramál Ellis	Íslenskt skordýramál	Íslensk þýðing
Du iz tak?	Kva es þak?	Hvað er þetta?
Ma nazoot.	Ig nað igsi.	Ég veit það ekki.
Ta ta!	Ta ta!	Bless!
Ma ebadow unk plonk.	Ig pans úf þak se plonk.	Ég held að þetta sé planta.
Du kimma plonk?	Kimman plonk?	Hvernig planta?
Ru badda unk ribble.	Ög bamsa himsala.	Við þurfum stiga.
Su.	Sú.	Já.
Bore inkin Icky.	Mörgambsa Igga.	Spyrjum Igga.
Icky!	Iggi!	Iggi!
Unk ribble!	Himsala!	Stigi!
Ru daddin doodin unk furt.	Ög daddi úf dúddí fúrt.	Við ættum að byggja virki.
Rup furt!	Fúrtinn ons!	Virkið okkar!

Voobeck! Booby voobeck!	Vúbbí! Böbbí vúbbí!	Kónguló! Heimska kónguló!
Ho, Ooky!	Hó, Ögga!	Hæ, Ögga.
Iz unk gladdenboot!	Þak es glaðaspraða!	Þetta er blóm!
Unk scrivadelly gladdenboot!	Skæjadellí glaðaspraða!	Fallegt blóm!
Iz tak unk gladdenboot?	Es þak glaðaspraða?	Er þetta blóm?
Ta ta, oodas!	Ta ta, spons.	Bless, krakkar.

Við byrjum á að greina samtal meyjjarflugnanna af fyrstu blaðsíðu-
unni, fyrsta samtalið í bókinni, en nú á íslensku skordýramáli (11).

- (11) a. Kva es þak?
 hvað er þetta
 „Hvað er þetta?“
 b. Ig nað igsi.
 ég það veit-ekki
 „Ég veit það ekki.“

Eins og dæmi (11a) sýnir hefur þýðandinn lagað íslenskt skordýramál vel að hljóðkerfislegri uppbyggingu íslensks máls, a.m.k. miðað við ritháttinn. Í íslensku skordýramáli er til spurnarorðið *kva*, sem þýðir „hvað“, tengisögn sem hefur 3. p. beygingarmyndina *es* og ábendingarforafnið *þak*, sem þýðir „þetta“. Spurnarorðinu svipar til íslenska spurnarforafnsins „hvað“ og lesandinn getur dregið þá ályktun að framburðurinn sé svipaður. Í íslenskum *hv*-spurnarfornöfnum er framstöðuklasinn *hv*- borinn fram [ʰv] af flestum íslenskum málhöfum (svokallaður *kv*-framburður er miklu algengari en upprunalegur *hv*-framburður sem stafsetningin endurspeglar), rétt eins og við getum ímyndað okkur að framstöðuklasinn *kv*- í íslensku skordýramáli sé borinn fram. Spurnarorðið *kva* [ʰva:] er því greinilega innblásið af íslenska spurnarforafninu „hvað“ [ʰvað].⁵

3. persónumynd tengisagnarinnar *es* svipar einnig til sambærilegrar tengisagnar í íslensku, „vera“, og má ætla að þær gegni svipuðu hlutverki. Loks er það ábendingarforafnið *þak*, sem er ólíkt íslenska

5 Í viðtalinu las þýðandinn bókina upphátt og hefur greinarhöfundur því áreiðanlega heimild fyrir því hvernig þýðandinn „heyrist“ skordýramálið. Hinn almenni lesandi hefur auðvitað ekki þessar upplýsingar og verður að draga ályktanir út frá rithætti málsins einum saman.

ábendingarfornafninu „þetta“ og líklega hefur þýðandinn viljað halda tryggð við upprunalega orðið *tak*. Orðið *þak* virðist þó hafa hljóðkerfislegu uppbygginguna [ˈθa:k] sem samræmist íslensku hljóðkerfi. Þessar tvær orðmyndir koma oftast fyrir í gögnunum sem gefur lesandanum skýra mynd af því hvernig hægt er að nota þær, eins og verður rætt hér að neðan.

Í dæmi (11b) sjáum við 1. persónufornafnið *ig* sem kemur einnig fyrir oftast í gögnunum og virðist sambærilegt 1. persónufornafninu „ég“ í íslensku. Uppbygging þessarar setningar er þó ekki jafngagnsæ og uppbygging þeirrar fyrri. Eins og í upprunamálinu ákvað þýðandinn að hafa neitunina innifalda í sögninni *igsi*. Setningagerðin í (11b) er eins og þýðandinn sjálfur lýsti henni í viðtalinu en höfundur greinarinnar var ekki viss um hvernig ætti að greina hana. Þýðandinn sagðist ekki muna almennilega hvaða hluti sagnmyndarinnar *igsi* væri neitun en minnti að það væri viðskeytið *-i* en ef það er rétt þá ætti 3. p. mynd sagnarinnar án neitunar að vera *igs*, sem þýðir þá „veit“. Við skulum gefa okkur að það sé rétt munað og að neitun í íslensku skordýramáli sé táknuð með *-i* viðskeyti við sögn. Neitunin kemur aðeins fyrir einu sinni í gögnunum, svo ályktunin er dregin af þessari einu setningu og lýsingu þýðandans.

Það sem er athyglisvert við uppbyggingu setningarinnar er hins vegar að á milli frumlagsins og neitandi sagnarinnar er andlagið, persónufornafnið *nað*, sem er sambærilegt 3. persónufornafninu „það“ í íslensku. Við nánari greiningu á gögnunum kemur í ljós að grundvallarorðaröð í íslensku skordýramáli er FSA (frumlag-sögn-andlag) rétt eins og í íslensku, eins og síðar verður vikið að. Í þessari setningagerð hins vegar, þar sem sögnin er neitandi, birtist persónufornafnið á undan sögninni en það gerist ekki annars staðar í gögnunum. Þetta gefur til kynna að í íslensku skordýramáli gangi persónufornöfn undir andlagsstökk, þ.e.a.s. andlagið færast fram fyrir neitunina frá sínum upprunastað sem er á eftir neituninni. Í íslensku ganga áherslulaus persónufornöfn undantekningarlaust undir andlagsstökk (sjá Holmberg 1986 og Höskuld Þráinsson 2005:289). Það sést t.a.m. á dæmi (12b) þar sem áherslulausa fornafrnið [það] er á upprunastað og setningin er ótæk. Í dæmi (12a) hefur áherslulausa fornafrnið færst með andlagsstökki og orðaröðin er eðlileg.

- (12) a. Ég veit [það] ekki.
 b. *Ég veit ekki [það].

Það er ekki fráleitt að þessi regla eigi líka við um íslenskt skordýramál en það er auðvitað erfitt að draga ályktun út frá svona rýrum gögnum. Það þarf líka að hafa í huga að andlagsstökk er skilyrt af því að sögnin færist í svokallaðan beygingarhaus (Holmberg 1986) sem þýðir að hún færist fram yfir setningarneitunina. Í íslensku skordýramáli er neitunin táknuð með viðskeyti og því er ekki augljóst að um sambærilega setningagerð sé að ræða en út frá þeim gögnum sem eru til má samt setja fram þá tilgátu að í íslensku skordýramáli sé andlagsstökk virk regla. Við skoðum möguleikann á virkni andlagsstöcks í íslensku skordýramáli hér að neðan en færum okkur nú að næsta samtali.

Í næsta samtali segir eitt skordýr setninguna *Ig þans úf þak se plonk* („Ég held að þetta sé planta.“). Annað skordýr sem stendur nálægt spyr á móti *Kimman plonk?* („Hvernig planta?“). Fyrri skordýrið svarar aftur með setningu sem við höfum séð áður: *Ig nað igsi* („Ég veit það ekki“). Í fyrstu setningunni, *Ig þans úf þak se plonk*, sjáum við aftur persónufornafnið *ig* og ábendingarfornafnið *þak*. Hér sjáum við líka sagnmyndina *þans* í merkingunni „held“, tenginguna *úf*, sem virðist sambærilegt íslensku skýringartengingunni „að“ og nafnorðið *plonk* sem þýðir „planta“. Loks sjáum við sagnmyndina *se*, sem svipar til sambærilegu sagnmyndarinnar „sé“ (viðtengingarhátt tengisagnarinnar „vera“) í íslensku. Út frá fyrri dæminu má draga þá ályktun að í íslensku skordýramáli sé viðtengingarháttur og að hann sé a.m.k. notaður í skýringarsetningum á eftir efasögninni „halda“, eins og í þessu dæmi.

Í annarri setningunni sjáum við svo spurnarfornafnið *kimman* („hvernig“). Þetta er eina dæmið þar sem þetta spurnarfornafn kemur fyrir en við getum þó borið það saman við spurnarfornafnið *kva*. Þessi tvö fornöfn sýna okkur að hljóðkerfisleg uppbygging spurnarfornafna í íslensku skordýramáli er ekki jafnregluleg og í íslensku. Spurnarfornöfn í íslensku byrja öll á samhljóðaklasanum *hv-* og ef það sama væri uppi á teningnum í skordýramáli, þá gætum við átt von á því að öll spurnarfornöfn í íslensku skordýramáli byrjuðu á samhljóðaklasanum *kv-*, eins og *kva*. Það eru engar vísbendingar í

gögnunum sem gefa til kynna hvort spurnarfornöfn sambeygjast nafnorðunum sem þau standa með, eins og er í mörgum tungumálum, en fyrst svo er ekki í íslensku (þ.e.a.s. spurnarfornafnið beygist ekki í málfræðilegu kyni og falli, sbr. *hvernig bestur* og *hvernig planta/plöntu* o.s.frv.) getum við kannski dregið þá ályktun að spurnarfornöfn hegði sér eins í íslensku skordýramáli.

Það eru ekki margar setningar í gögnunum sem bjóða upp á að prófa þessar tilgátur en nú getum við samt látið reyna á sköpunarmátt skordýramálsins út frá þeirri þekkingu sem við höfum öðlast við greininguna hingað til. Ef viðtengingarháttur er notaður í skýringarsetningum á eftir efasögn, eins og í dæmi (13a), og viðtengingarháttur í íslensku skordýramáli fylgir svipuðum reglum og viðtengingarháttur í íslensku, þá ættum við að geta notað sagnmyndirnar *igs* („veit“) og *es* („er“) sem við afmörkuðum hér að ofan og búið til samþærilega setningu þar sem sögn skýringarsetningarinnar er í fram-söguhætti, eins og í (13b).

- (13) a. Ig þak úf þak se þonk.
 ég held að þetta sé planta
 „Ég held að þetta sé planta.“
 b. Ig igs úf þak es þonk.
 ég veit að þetta er planta
 „Ég veit að þetta er planta.“

Við gætum meira að segja gengið lengra, bara með gögnin sem hafa verið greind hingað til, og búið til splunkunýjar setningar, sbr. (14a, b) og (15a, b).

- (14) a. Ig igs kva þak es.
 ég veit hvað þetta er
 „Ég veit hvað þetta er.“
 b. Ig igsí kva þak es.
 ég veit-ekki hvað þetta er
 „Ég veit ekki hvað þetta er.“

- (15) a. Ig igs kimman þonk þak es.
 ég veit hvernig planta þetta er
 „Ég veit hvernig planta þetta er“

- b. Ig igsi kimman plonk þak es.
 ég veit-ekki hvernig planta þetta er
 „Ég veit ekki hvernig planta þetta er.“

Á dæmunum í þessu samtali má sjá að það er talsvert auðveldara að afmarka einingar íslenska skordýramálsins en upprunalegs skordýramáls Ellis. Skoðum dæmi (16) til samanburðar:

- (16) a. Ma ebadow unk plonk.
 ég held-að-þetta-sé óákv.gr. planta
 „Ég held að þetta sé planta.“
 b. Du kimma plonk?
 hvað tegund planta
 „Hvernig planta?“

Eins og dæmi (16a) sýnir eru gríðarlega miklar málfræðilegar upplýsingar fólgnar í sögninni *ebadow* og það er hvorki augljóst hvernig á að brjóta hana niður í smærri einingar né eru frekari vísbendingar í gögnunum um það, ólíkt íslenska skordýramálinu. Í (16b) þekkjum við aftur spurnarforanafnið *du* („hvað“) og svo fylgir því orðið *kimma* sem má álykta að sé nafnorð sem þýðir „tegund“ eða „gerð“.⁶ Það má vissulega brjóta skordýramál Ellis niður og búa til nýjar segðir en af þessum dæmum er ljóst að sköpunarmáttur íslensks skordýramáls er talsvert meiri en upprunamálsins.

Í næsta samtali fáum við meiri upplýsingar um sagnbeygingu og nafnorðabeygingu í íslensku skordýramáli. Skoðum setningarnar í dæmi (17).

- (17) a. Ög bamsa himsala.
 við þurfum stiga
 „Við þurfum stiga.“
 b. Mörgambsa Igga.
 spyrjum Igga
 „Spyrjum Igga.“

6 Í glósunum frá höfundinum var þýðing þessarar setningar á ensku „What kind of plant?“ sem rennir stöðum undir þessa greiningu. Í ensku er þó forsetningarliður [of plant] sem fylgir en það er enga forsetningu að sjá í skordýramálinu, svo uppbyggingin er ekki alveg sambærileg.

Setningarnar í dæmi (17) sýna greinilega að sagnir persónubeygjast í íslensku skordýramáli. Sagnmyndirnar *bamsa* („þurfum“) og *mörgambsa* („spyrjum“) eru báðar 1. p. ft. sagnir og þær hafa svipaða uppbyggingu. Þær deila endingunni *-sa* sem er líklega beygingarendingin fyrir 1. p. ft. Eðlilegasta ályktunin út frá þessum tveimur dæmum er að stofn sagnarinnar *bamsa* („þurfa“) sé *bam-* og að stofn sagnarinnar *mörgambsa* („spyrja“) sé *mörgamb-* en málið gæti auðvitað verið flóknara. Sögnin *mörgambsa* gæti t.d. falið í sér aðskeyti sem táknar hvatningarhátt en það eru einfaldlega ekki næg gögn til að skera úr um það. Í dæmi (17a) sjáum við persónufornafnið ög („við“) í fyrsta sinn en það kemur aftur fyrir seinna í setningunni Ög *daddi úf dúddi fúrt* („Við ættum að byggja virki“), sbr. (19). Dæmin í (17) gefa okkur líka fyrstu vísbendingarnar um fall andlaga í íslensku skordýramáli.

Í dæmi (17a) er beygingarmyndin *himsala* („stigi“) beint andlag sagnarinnar en í dæmi (17b) er það beygingarmyndin *Igga*. Á næstu síðum fáum við meiri upplýsingar um þessi nafnorð í gegnum endurtekningu. Skordýrin berja á dyrnar á trjádrumbi og kalla: „*Iggi!*“. Til dyra kemur miðaldra tólffótungur sem virðist á öllu vera karl og skordýrin segja við hann: „*Iggi, ög bamsa himsala.*“ („*Iggi, okkur vantar stiga*“). Tólffótungurinn *Iggi* gengur út um dyrnar með langan stiga og maríuhænan hrópar glöð: „*Himsala!*“ Þessi dæmi gefa til kynna að nafnorð fall- og kynbeygist í íslensku skordýramáli, rétt eins og í íslensku. Það má draga þá ályktun að *Iggi* sé karlmannsnafn sem fær beygingarendinguna *-a* í aukafalli, sem er sambærilegt veikri karlkynsbeygingu í íslensku. Ef við gefum okkur að önnur nafnorð í íslensku skordýramáli beygist eins og nafnorð í íslensku, þá er hægt að draga þá ályktun að *himsala* sé hvorugkynsorð sem beygist eins og *auga* í íslensku. Síðar í textanum kynnumst við eiginkonu *Igga* sem ber nafnið *Ögga* (sbr. *Hó, Ögga!*). Það eru engar vísbendingar í gögnunum um kvenkynsbeygingu en ef greiningin er rétt, þá gæti nafnið *Ögga* fengið beygingarendinguna *-u* í aukafalli (*Öggu*). Þessar ályktanir eru auðvitað dregnar af mjög rýrum gögnum en ef greiningin er rétt, þá gætum við búið til setningar á borð við dæmin í (18).

- (18) a. Ög bamsa Igga.
við þurfum Igga
„Við þurfum Igga.“

- b. Ög bamsa Öggu
við þurfum Öggu
„Við þurfum Öggu.“
- c. Ig igsi kimman himsala þak es.
ég veit-ekki hvernig stigi þetta er
„Ég veit ekki hvernig stigi þetta er.“
- d. Ig pans úf þak se himsala.
ég held að þetta sé stigi
„Ég held að þetta sé stigi.“
- e. Ig pansi úf þak se himsala.
ég held-ekki að þetta sé stigi
„Ég held ekki að þetta sé stigi.“
- f. Ig igs úf ög bamsa himsala.
ég veit að við þurfum stiga
„Ég veit að við þurfum stiga.“

Í næstu samskiptum skordýranna fáum við frekari upplýsingar um fall nafnorða og sagnorðabeygingu.

4.2. Þak es glaðaspraða!

Á næstu síðu sjáum við skordýrin sitja sæl á blöðum plöntunnar og þar eiga þau eftirfarandi samtal:

- (19) a. Ög daddi úf dúddí fúrt
við ættum að byggja virki
„Við ættum að byggja virki.“
- b. Sú!
já
„Já!“

Í (19a) þekkjum við aftur persónufornafnið *ög* („við“) og smáorð sem minnir á skýringartenginguna *úf* („að“) en er líklegast nafnháttarmerki í þessu samhengi. Hér bætast við ýmsar nýjar upplýsingar. Sagnmyndin *daddi* („ættum“) hefur t.a.m. ekki beygingarendinguna *-sa* sem við höfum séð í öðrum sagnmyndum 1. p. ft. Þetta gefur til kynna að háttarsagnir í viðtengingarhætti fái sérstaka beygingarend-

ingu. Beygingarmynd sagnarinnar *dúddi* („byggja“) hefur endinguna *-i* sem er þá mögulega nafnháttarending í íslensku skordýramáli.

Loks sjáum við nafnorðið *fúrt* („virki“) sem er andlag sagnarinnar *dúddi*. Ef við höldum okkur við þá greiningu að kynbeyging nafnorða sé svipuð í íslensku skordýramáli og íslensku, þá er líklegast að orðið *fúrt* sé hvorugkynsorð, sbr. íslenska hvorugkynsorðið *port*. Á næstu síðu sjáum við virkið sem skordýrin hafa byggt í krónu plöntunnar sem vex og vex. Eitt skordýrið sveiflar sér í kaðli sem hangir neðan úr virkinu og hrópar:

- (20) Fúrtinn ons!
virkið okkar
„Virkið okkar!“

Hér sjáum við orðið *fúrt* aftur í nýju umhverfi en skv. þessum dæmum eru tvær leiðir til að greina það. Ef við reiknum með að íslenskt skordýramál hafi ákveðinn greini eins og íslenska og að ákveðni greinirinn sé alveg eins og í íslensku, þá hlýtur nafnorðið *fúrt* að vera karlkynsorð sem er eins í nefnifalli og þolfalli og tekur karlkyns greininn *-inn* (nf. *fúrt-inn*, þf. *fúrt-inn*, sbr. *ísl.* nf. *skúr-inn*, þf. *skúr-inn*). Ef íslenskt skordýramál hefur engan ákveðinn greini, þá er nefnifallsmynd orðsins *fúrtinn* og þolfallsmyndin er þá *fúrt* (sbr. nf. *best-ur*, þf. *best-Ø*). Gögnin gefa engar frekari vísbendingar um ákveðinn greini svo það er erfitt að draga nákvæmar ályktanir um þetta. Setningin *Fúrtinn ons!* er svo eina dæmið sem við höfum um eignarfornöfn í íslensku skordýramáli. Enn á ný getum við gefið okkur að fornafnið hegði sér eins og eignarfornöfn í íslensku sem þýðir að það ætti að vera það sama fyrir eintölu- og fleirtöluorð (sbr. *virkið okkar* og *virkin okkar*).

Á næstu síðu kynnumst við nafnorðinu *vúbbí* („kónguló“) og lýsingarorðinu *böbbí* („heimskur“). Nú hefur stór kónguló tekið yfir virki skordýranna og spunnið yfir það kóngulóarvef. Skordýrin standa á jörðinni, steyta hnefana og garga:

- (21) a. Vúbbí!
kónguló
„Kónguló!“

- b. Böbbí vúbbí!
 heimska kónguló
 „Heimska kónguló!“

Í íslensku er til hópur nafnorða sem endar á *-í* og eru flest orð sem tilheyra þeim hópi hvorugkynsorð (sbr. *bakarí*, *partí*, *brokkolí* o.s.frv.) Ef nafnorðabeyging í íslensku skordýramáli samsvarar nafnorðabeygingu í íslensku algjörlega, þá má ætla að nafnorðið *vúbbí* sé hvorugkynsorð. Lýsingarorðsendingin *-í* gefur enga vísbendingu um málfræðilegt kyn nafnorðsins enda sjáum við sömu endingu á lýsingarorðinu *skæjadellí* („fallegur“), sbr. (22b).

- (22) a. Þak es glaðaspraða!
 þetta er blóm
 „Þetta er blóm!“
 b. Skæjadellí glaðaspraða!
 fallett blóm
 „Fallett blóm!“
 c. Es þak glaðaspraða?
 er þetta blóm
 „Er þetta blóm?“

Í dæmi (22) sjáum við síðasta samtal skordýranna sem á sér stað þegar blómið springur út. Hér sjáum við kunnuglegan orðaforða, sagnmyndina *es* og ábendingarfornafnið *þak*, nýja lýsingarorðið *skæjadellí* og nafnorðið *glaðaspraða* („blóm“). Nafnorðið hefur *-a* endingu eins og við höfum séð áður í nafnorðinu *himsala* svo þetta gæti værið hvorugkynsorð en það gæti auðvitað líka verið kvenkynsorð eins og kvenmannsnafnið Ögga.

Greinarhöfundur telur, út frá eigin máltilfinningu gagnvart íslensku, að líklega sé þetta kvenkynsorð sem beygist eins og *aða*. Í viðtalinu staðfesti þýðandinn að *glaðaspraða* sé kvenkynsorð og að aukafallsmyndin af því sé *glaðaspröðu*. Þetta eru auðvitað ekki upplýsingar sem hinn almenni lesandi hefur aðgang að en þó er þetta ekki ósennileg ályktun sem lesandinn getur dregið af öllu sem hann er búinn að læra um íslenskt skordýramál hingað til og það sem málið á sameiginlegt með íslensku. Af þessum upplýsingum getum við svo ályktað að *-í* sé algeng lýsingarorðsending í íslensku skor-

dýramáli, a.m.k. er hún eina endingin sem við höfum séð, og að lýsingarorð hafi ekki endilega sömu endingu og nafnorðið sem það stendur með. Með alla þessa vitneskju getum við búið til nokkrar setningar í viðbót, sbr. (23).

- (23) a. Es þak fúrtinn ons?
er þetta virkið okkar
„Er þetta virkið okkar?“
- b. Ig pansí úf þak se fúrtinn ons.
ég held-ekki að þetta sé virkið okkar
„Ég held ekki að þetta sé virkið okkar.“
- c. Es þak vúbbí?
er þetta kónguló
„Er þetta kónguló?“
- d. Ig pans úf þak se skæjadellí vúbbí.
ég held að þetta sé falleg kónguló
„Ég held að þetta sé falleg kónguló.“

Fleiri samtöl er ekki að finna í bókinni, a.m.k. ekki með heilum setningum. Iggi og Ögga kveðja skordýrin með orðunum *Ta ta, spons* („Bless, krakkar“) og síðar kveðja skordýrin visnandi blómið með orðunum *Ta ta, fúrt* („Bless, virki“). Þar með eru málöggnin sem við höfum um íslenskt skordýramál uppurin. Setningarnar sem við bjuggum til eru ekki tæmandi, það er hægt að nýta efniviðinn til að búa til talsvert fleiri segðir en hér hafa verið skráðar. Vissulega má gera það líka með upprunamálið, skordýramál Ellis, og draga ýmsar ályktanir um málkerfi þess. Við vitum t.d. að skordýramál Ellis hefur lausa greininn *unk*, sbr. *unk plonk* („planta“) og *unk furt* („virki“), og að eins og í ensku þá kemur lýsingarorðið á milli lausa greinisins og nafnorðsins, sbr. *unk scrivadelly gladdenboot* („fallegt blóm“). Eins og áður hefur komið fram eru málfræðireglur upprunamálsins ekki alveg jafngegnssæjar og málfræðireglur íslensks skordýramáls, sbr. (24).

- (24) a. Iz unk gladdenboot!
er óákv.gr. blóm
“Þetta er blóm!”

- b. Iz tak unkl gladdenboot?
er þetta óákv.gr. blóm
“Er þetta blóm?”

Eins og dæmið í (24a) sýnir er ekki nauðsynlegt að hafa ábendingarforanafn, eða neitt frumlag yfir höfuð, í setningunni (sem þýðir bókstaflega „Er blóm!“) en fornafnið *tak* („þetta“) verður að vera til staðar í spurningunni í dæmi (24b). Svona óregluleiki er auðvitað ekki óhugsandi en eins og við sáum í (22a, c) er íslenska skordýramálið fyrirsjáanlegra að þessu leyti, þ.e.a.s. reglurnar um það hvernig staðhæfingu er breytt í spurningu eru skýrari.

Markmið Ellis virðist hafa verið að semja mál sem er tiltölulega einfalt og auðvelt að lesa upphátt en líklega hefur höfundurinn einnig viljað að málið virki dálítið framandi og öðruvísi. Aðgengileiki skordýramáls Ellis er að hluta til fólgin í hljóðkerfislegri uppbyggingu og tónfalli þess sem minnir á ensku. Í sumum tilfellum bitnar þessi viðleitni á málfræðilegri afmörkun málsins, eins og sést t.d. á setningunum í (24a) og (16b). Það er mögulegt að þegar Ellis samdi skordýramálið hafi hún fyrst og fremst hugsað um það hvernig málið hljómar þegar það er lesið upphátt og að uppbygging þess hafi svo komið út frá því en auðvitað er erfitt að segja til um það út frá svo rýrum gögnum.

5. Lokaorð

Markmið þýðandans var að íslenska skordýramálið hljómaði eins og íslenska og að það væri auðvelt fyrir íslenska lesendur að skilja það. Eins og rætt var í byrjun þessa kafla var aðgengileiki helsta markmið þýðandans þegar hann aðlagði skordýramálið að íslensku. Því er athyglisvert að íslenskt skordýramál skuli vera talsvert flóknara frá málfræðilegu sjónarhorni en upprunamálið. Það hefur ríkulegri beygingu, framsöguhátt og viðtengingarhátt og fjölbreytilega setningagerð sem býður upp á töluverða regluvirkni. Á þessum tímamarki er viðeigandi að endurtaka spurningarnar sem var varpað fram í lok þriðja kafla:

- Hvað er það sem gerir íslenskt skordýramál aðgengilegt fyrir íslenskumælandi lesendur?
- Hvað þurfa íslenskir málhafar að vita um sitt eigið tungumál til að geta ráðið í íslenskt skordýramál?

Svarið er fólgið í málvitund þýðandans sem gerir sér grein fyrir því, meðvitað eða ómeðvitað, að til þess að gera málið einfaldara fyrir íslenska málhafa, þá þarf það að vera **flóknara**. Ólíkt enskum málhöfum eiga íslenskir málhafar nefnilega von á ríkulegri beygingu: Þeir vita að nafnorð beygjast í föllum og að sagnir fá ólíkar beygingarendingar í persónuháttum og fallháttum. Þeir vita að aukasetningar eru oft afmarkaðar með tengiorðum og að stundum verður sögnin að vera í viðtengingarhætti í aukasetningu, sérstaklega ef á undan fer efasögn. Þetta og svo ótrúlega margt fleira vita íslenskir málhafar um sitt eigið tungumál, þótt þessi þekking sé ekki meðvituð og þeir geti kannski ekki allir greint frá þessari þekkingu eins og málfræðingar gera. Með alla þessa vitneskju að vopni er lítið mál fyrir íslenska málhafa að ráða í íslenskt skordýramál.

HEIMILDIR

- Adams, Michael. 2011. „The spectrum of invention“. Michael Adams (ritstj.): *From Elvish to Klingon: Exploring Invented Languages*, bls. 1–16. Oxford University Press.
- Adger, David. 2019. *Language Unlimited: The Science Behind Our Most Creative Power*. Oxford University Press.
- Baldur Ragnarsson. 2000. „Planmál“. *Íslenskt mál og almenn málfræði* 22: 1–62.
- Baldur Ragnarsson. 1999. *Tungumál veraldar*. Háskólaútgáfan.
- Berko, Jean. 1958. „The Child’s Learning of English Morphology“. *Word* 14, 2–3: 150–177.
- Burgess, Anthony. 2011. *A Clockwork Orange*. Penguin Books.
- Carroll, Lewis. 2013. *Í gegnum spegilinn* (Valdimar Briem þýddi). Skrudda.
- Carroll, Lewis. 2010. *Through the looking glass*. William Collins.
- Chomsky, Noam. 1957. *Syntactic Structures*. Mouton.
- Corbett, Sue. 2017. Working out the bugs: adventures in translating Carson Ellis’s *Du Iz Tak?* *Publishers Weekly*. Sótt af: <https://www.publish-ersweekly.com/pw/by-topic/childrens/childrens-book-news/article/73993-working-out-the-bugs-adventures-in-translating-carson-ellis-s-du-iz-tak.html>
- Dryer, Matthew S. 2013. „Order of Subject, Object and Verb“. Dryer, Matthew S. og Martin Haspelmath, (ritstj.): *WALS Online* (v2020.3) [Data set]. Zenodo. <https://doi.org/10.5281/zenodo.7385533>. (Aðgengilegt á <http://wals.info/chapter/81>, sótt: 29. okt. 2023.)
- Einar Freyr Sigurðsson og Iris Edda Nowenstein. 2023. „How do you smurf that to Icelandic? Translation without roots“. *Fyrirlestur fluttur á ársfundi LSA*, Denver, 8. janúar, 2023.
- Ellis, Carson. 2016. *Du Iz Tak?* Walker Books.
- Ellis, Carson. 2021. *Kva es þak?* (Sverrir Norland þýddi). Am forlag.
- Faber, Robert. 2022. „Languages of Game of Thrones and House of the Dragon – High Valyrian, Dothraki and more“. Sótt af: <https://vasco-electronics.com/articles/languages/languages-of-game-of-thrones-and-house-of-the-dragon/>
- Fedzechkina, Maryia, Elissa. L. Newport, og Florian T. Jaeger. 2016. “Miniature artificial language learning as a complement to typological data”. *The Usage-based Study of Language Learning and Multilingualism*, 211–232.
- Hergé. 1972. *Eldflaugastöðin*. (Loftur Guðmundsson þýddi). Fjölvaútgáfan. (Upphaflega gefið út 1953.)
- Hergé. 1974. *Veldissproti Ottókars konungs*. (Loftur Guðmundsson þýddi). Fjölvaútgáfan. (Upphaflega gefið út 1939.)
- Hergé. 1975. *Leynivopnið* (Loftur Guðmundsson þýddi). Fjölvaútgáfan. (Upphaflega gefið út 1956.)
- Holmberg, Anders. 1986. *Word Order and Syntactic Features in the Scandinavian Languages and English*. Doktorsritgerð. University of Stockholm.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Íslensk tunga III: Setningar*. Almenna bókafélagið.

- Höskuldur Þráinsson. 1980. „Tilvísunarfornöfn?“ *Íslenskt mál og almenn málfraeði* 2: 53–96.
- Jan, Cecilia. 2017. „El idioma inventado de los insectos. *El País* 28/12/2017. Sótt af: <https://elpais.com/cultura/2017/12/28/actualidad/1514457599_953602.html>.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2013. „Er eitthvert vit í algildismálfraeðinni?“ Höskuldur Þráinsson og Matthew Whelpton (ritstj.): *Chomsky: Mál, sál og samfélag*, bls. 247–264. Háskólaútgáfan.
- Lathey, Gillian. 2016. *Translating Children's Literature*. Routledge.
- Oittinen, Riitta. 2014. „No innocent act. On the ethics of translating for children“. Van Coillie, Jan og Walter P. Verschueren (ritsj.): *Children's literature in translation. Challenges and strategies*, bls. 35–45. Routledge.
- Okrand, Marc. 1992. *The Klingon Dictionary: The Official Guide to Klingon Words and Phrases*. Simon and Schuster.
- Orwell, George. 2021. *Nineteen Eighty-Four*. Penguin Classics.
- Morillas, Esther. 2022. “Reading aloud and invented languages: translating Du iz tak?, by Carson Ellis”. Valero Cuadra, Pino, Gisela Marcelo Wirnitzer og Nuria Pérez Vicente (ritstj.): *Traducción e intermedialidad en literatura infantil y juvenil (LIJ): orígenes, evolución y nuevas tendencias*, bls. 386–405.
- McGrath, Nick. 2015. *Pierre Coffin: Me and My Minions*. Sótt af: <https://www.theguardian.com/lifeandstyle/2015/jun/26/pierre-coffin-me-and-my-minions>
- Rosenfelder, Marc. Engin dagsetning/ ártal. *Herge's Syldavian: A Grammar*. Sótt af: <https://www.zompist.com/syldavian.html#corpus>
- Sanders, Nathan. 2020. „A primer on constructed languages“. Jeffrey Punske, Nathan Sanders og Amy V. Fountain (ritstj.): *Language Invention in Linguistics Pedagogy*. Oxford, Vefútgáfa, Oxford Academic, sótt 22. okt. 2020. Vefslóð: <https://doi.org/10.1093/oso/9780198829874.003.0002>
- Þórbergur Þórðarson. 1993. *Alþjóðamál og málleysur*. Bókadeild Menningarsjóðs.

ÚTDRÁTTUR

*Es þak glaðaspraða?*Um uppbyggingu íslensks skordýramáls,
tilbúin tungumál og bullmál

Að baki gervimáli liggur gríðarleg þekking málhafa á tungumálinu sjálfu og þekking á því hvaða eiginleika tungumál geta haft – og geta ekki haft til þess að þau virki sem alvöru mál. Þessi mikla þekking málhafa kemur ekki síst í ljós þegar gervimál er þýtt til þess að nýr hópur málhafa geti auðveldlega skilið það en það er meginviðfangsefni þessarar greinar. Hér er rýnt í uppbyggingu íslensks skordýramáls eins og það birtist í barnabókinni *Kva es þak?* í þýðingu Sverris Norlands og samanburður er gerður við upprunalega skordýramálið eins og það birtist í frumritinu *Du iz tak?* eftir Carson Ellis. Fjallað er um muninn á tilbúnu tungumáli og bullmáli og þær áskoranir sem þýðendur mæta þegar þeir aðlaga gervimál fyrir nýjan lesendahóp sem talar annað tungumál. Reynt er að svara spurningunni: Hvað þurfa málhafar að vita um sitt eigið tungumál til að skilja tilbúið tungumál?

Lykilorð: tilbúin tungumál, bullmál, málvitund, málgerðarfræði, þýðingar

ABSTRACT

*Es þak glaðaspraða?*On the structure of Icelandic Insectese,
constructed languages and nonsense languages

Behind an invented language is an enormous amount of knowledge the speaker has of the language itself and which features a human language can – and cannot have to work as a real language. This knowledge is revealed when the invented language is translated so that a new group of speakers may easily understand it, which is the main topic of this article. The article analyses the structure of Icelandic Insectese as it appears in the children's book *Kva es þak?*, translated by Sverrir Norland, and compares it to the original Insectese that Carson Ellis created for her book *Du iz tak?* The article describes the difference between invented languages and nonsense languages and the challenges that translators face when they try to adjust invented languages for a new group of readers that speak a different language. The article attempts to answer the question: What do speakers need to know about their own language to learn an invented language?

Keywords: invented languages, nonsense languages, metalinguistic awareness, linguistic typology, translation